



Atvinnuveganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum, 17. mál, 149. lögþ.

Tilv. 201811-0014

I

Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 og búnaðarlögum nr. 70/1998 var sent Bændasamtökum Íslands til umsagnar þann 14. nóvember sl. og var frestur til að skila umsögn veittur til 28. nóvember. Bændasamtökin hafa farið yfir frumvarpið og gera alvarlegar athugasemdir við efni þess eins og það liggur fyrir.

II

Í upphafi skal bent á það nú stendur yfir vinna samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga og atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðenda um framtíð kvótakerfis í greininni verður haldin fljótlega á nýju ári, samkvæmt ákvæðum gildandi búvörusamnings Samtökin telja umfram allt eðlilegast að það fái að hafa sinn gang án þess að unnið sé að breytingum á öðrum vettvangi.

Samtökin furða sig einnig á því sem lagt er til í 1. gr. frumvarpsins þannig að tilgangi laganna sé breytt þannig að sá hluti ákvæðisins er snýr að því að kjör þeirra sem stundi landbúnað verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta falli brott. Samtökin telja mjög óeðlilegt og í raun ósvífið að falla frá því grundvallarmarkmiði búvörulaganna án samráðs við þá sem eiga í hlut

III

Varðandi breytingar sem lagðar eru til á starfsumhverfi mjólkuriðnaðarins hefur löggjafinn þegar metið það svo að núverandi tilhögun skili samfélaginu í heild meiri ávinningi en ella og tryggi hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta og hagsmuni neytenda. Frá því að fyrstu



hagræðingaraðgerðir kúabænda hófust árið 1991 með þjóðarsáttarsamningnum hefur verið sett hagræðingarkrafa á bændur og fyrirtæki þeirra í mjólkuriðnaði. Þær aðgerðir, þ.e. skipulagsbreytingar í mjólkurvinnslu, sem og fyrirkomulagi í sölu og dreifingu mjólkurvara, hafa skilað sér í kostnaðarlækkun með fækkun afurðastöðva og sérhæfingu þeirra á árunum. Í greinagerð með frumvarpi til breytinga á búvörulögum sem samþykkt var á Alþingi hinn 28. maí 2004 (lög nr. 85/2004) sagði meðal annars:

„Með breytingunum er verið að styrkja framangreindan grundvöll til hagræðingar og tryggja eðlilega að sú hagræðing njóti enn um sinn undanþágu frá gildissviði samkeppnislaga ef það er gert í þeim tilgangi að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða“

Þessar hagræðingar hafa skilað sér beint til neytenda og sannreynt hefur verið að þessi aðferð hafi haldið verði á mjólkurvörum niðri. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skilaði skýrslunni „*Mjólkurframleiðsla á Íslandi - Staða og horfur til landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra*“ árið 2013. Með skýrslunni var leitast við að greina uppbyggingu mjólkurframleiðslu hér á landi og þróun hennar á síðustu árum áður. Þar kom skýrt fram að opinberir styrkir til landbúnaðarframleiðslu hér á landi hafi lækkað sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförunum árum. Þrátt fyrir þetta hafi náðst árangur í að ná niður verði á helstu mjólkurvörum og auka framleiðslu. Þar segir einnig að raunverð á nýmjólk, rjóma, skyri, jógúrt, smjöri og osti hafi verið lægra árið 2013 en 2003 og að þó svo verð á mjólkurvörum fari hækkandi hafi verðið ekki haldið í við þróun á vísitölu neysluverðs. Í skýrslunni segir einnig að hagkvæmni hafi aukist mikið í rekstri íslenskra kúabúa árin á undan, að meðalnyt á hverja íslenska kú hafi aukist um u.þ.b. 45% frá 1994-2012, en hún hafði áður lítið aukist í áratugi. Ekki var sýnt fram á að annað fyrirkomulag myndi skila meiri ávinningi. Þessi hagræðing í mjólkurframleiðslu hefur því skilað sér í lægra verði til neytenda en lágmarksverð til bænda hefur jafnframt hækkað umfram almennt verðlag síðan 2003. Einnig skal það áréttað hér að ákvæði búvörulaga veitir mjólkuriðnaðinum ekki almenna undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga heldur afmarkaða heimild til samkomulags og samstarfs. Að öðru leyti gilda ákvæði samkeppnislaga fullum fetum um starfsemi afurðastöðvanna á sama hátt og um önnur fyrirtæki.

Þar fyrir utan eru afleiðingar þess að fella brott ákvæði um verðlagsnefnd búvara og framkvæmdanefnd búvörusamninga eru með öllu ófyrirsjáanlegar og þær leiðir sem lagðar eru til þess í stað virðist afar illa ígrundaðar. Ef gera á breytingar á einstökum ákvæðum búvörulaga,



fella þau brott eða leiða inn ný ákvæði þarf að fara fram ítarlegt mat á bæði nauðsyn og áhrifum þess, setja upp sviðsmyndir og áætla mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir stór áföll. Aðrar leiðir eins og þær sem frumvarpið dregur fram eru að mati samtakanna gríðarlega varhugaverðar.

IV

Bændasamtökin ítreka enn og aftur það sem bent var á í umsögnum Bændasamtaka Íslands um frá 27. febrúar sl. um drög að breytingum á búvörulögum og búnaðarlögum og 17. mars 2017 frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum að samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga er ætlað að skila lokaskýrslu fyrir árslok 2018. Bændur munu í kjölfarið sjálfir taka afstöðu til endurskoðunar búvörusamninga á næsta ári. Verði frumvarpið að lögum er tekið fram fyrir hendurnar á bændum í miðju endurskoðunarferli.

Í almennum athugasemdum í greinargerð við frumvarpið er vikið að ýmsum ástæðum fyrir því að breytingarnar eru lagðar til. Þar segir að breytingarnar séu „viðamiklar en að mati flutningsmanna frumvarpsins“ til þess fallnar að bæta hag íslenskra bænda og stuðla að heilbrigðri samkeppni á markaði, bændum og neytendum öllum til heilla og leysa hin ýmsu ágreiningsefni og vandamál en án alls rökstuðnings. Það er að mati Bændasamtakanna í raun ótrúlegt að slíkar tillögur komi fram á sama tíma og unnið er að endurskoðun búvörusamninga lögum samkvæmt, og hefur það að markmiði að skapa frekari sátt um búvöruframleiðslu á Íslandi.

Í frumvarpinu er ekki einu sinni gerð tilraun til að sýna fram á það hvernig breytingarnar myndu hafa jákvæð áhrif á verðmyndun á markaði, lífskjör bænda og hagsmuni neytenda í framkvæmd. Engin tilraun virðist hafa verið gerð til að greina mögulegar afleiðingar tillagnanna, hvorki fyrir bændur né neytendur. Frumvarpið er að mati samtakanna vanhugsað og með öllu órökstutt. Það er ófrávíkjanleg krafa að breytingar á lögnum skuli vel ígrundaðar og studdar haldbærum rökum.

V

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á að áfram eigi að standa vörð um íslenskan landbúnað, sérstöðuna sem hann býr yfir, auk eðlilegra og sanngjarna starfsskilyrða sem hafa verið mótuð. Samtökin eru alltaf reiðubúin að eiga samtal um landbúnaðarstefnuna. Með frumvarpinu er hins



vegar gerð alvarleg atlaga að samtökunum og reynt að grafa undan stöðu þeirra sem málsvara bænda í landinu. Það virðist ekki hafa annan tilgang en að valda uppnámi og glundroða.

Að mati samtakanna eru breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu alls ekki til þess fallnar að ná markmiðum flytjenda frumvarpsins heldur myndu þær hafa alvarlegar afleiðingar, verði frumvarpið að lögum. Bændasamtökin leggjast því eindregið gegn því að frumvarpið verði samþykkt. Frumvarpið sem slíkt er illa ígrunduð aðför að landbúnaðinum í landinu og mun ekki verða til annars en að grafa undan starfsskilyrðum hans í bráð og lengd.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2018

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

I. Almennt

Vísað er til erindis atvinnuveganefndar dagsetts 14. nóvember 2018 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög, 17. mál.

Helstu breytingar í frumvarpinu hafa með það að gera að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Í því felst m.a. að afnema sérreglu búvörulaga sem gildir um mjólkuriðnaðinn og draga úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu, framleiðslu og vinnslu búvara.

Í sem stystu máli hvetur FA til þess að frumvarp þetta verði samþykkt í nær óbreyttri mynd. Efnislegar breytingar frumvarpsins hvað ofangreint varðar eru til mikilla bóta og til þess fallnar að stuðla að aukinni samkeppni og miklum ábata neytenda.

Samkeppnislagaþrot teljast almennt til refsiverðrar háttsemi. Um er að ræða athæfi sem samfélagið hefur talið svo ámælisvert að það sæti refsingu þeirra sem verða uppvísir að því. Það hefur því sætt langvarandi furðu að slík brot ákveðinna aðila séu undanþegin refsingu þessari enda algerlega á huldu hvernig afleiðingar þeirra og edli eru í þessum tilfellum frábrugðin því sem almennt á við. Með umræddu frumvarpi er bætt úr þessum meinbug á núverandi lögum. Þar með er stuðlað að auknu jafnræði, aukinni samkeppni og bættri almennri réttarvitund.

Frumvarp það sem um ræðir miðar einnig að því að laga ýmsar misfellur í mjólkuriðnaði. Eru þær breytingar sem lagðar eru til miklar umbætur á þessu sviði.

Að endingu er mikilvægt að koma stuttlega að sölu markaðsráðandi afurðastöðva til óháðra framleiðenda. Það er gríðarlega mikilvægt skref að tryggja rétt þessara aðila í þeirri takmörkuðu og vanstilltu samkeppni sem enn þrífst þrátt fyrir að ein fyrirtækjasamsteypa stjórni markaðnum. Nái frumvarpið fram að ganga er hagur þessara aðila bættur að ákveðnum hluta. FA bendir þó á að mikið er enn ógert í því að ná fram raunverulegri samkeppni og leysa þar með úr læðingi þá krafta sem þar búa, með tilheyrandi ávinningi fyrir þjóðina í heild.

Að því sögðu ítrekar FA þá afstöðu sína að efni frumvarpsins sé til mikilla bóta og að rétt sé að leiða það, að sem mestu óbreytt, í lög.


Að öðru leyti gerir Félag atvinnurekenda ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

II. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Vinðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

Frumvarpið barst Landssambandi kúabænda (LK) til umsagnar í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dagsett 14. nóvember 2018.

Landssamband kúabænda vill í upphafi benda á að nú þegar er í ferli fyrri endurskoðun á búvörusamningum og í byrjun árs 2019 munu Bændasamtök Íslands láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðenda um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið frá og með 1. janúar 2021. Er það samkvæmt samningunum sem samþykktir voru af Alþingi 13. september 2016. Einnig á samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga að skila af sér lokaskýrslu til landbúnaðarráðherra fyrir 31. desember 2018, en hlutverk þess hóps er að skoða og meta hvernig markmið hvers samnings fyrir sig hafa gengið eftir frá gildistöku þeirra 1. janúar 2017. Telur LK eðlilegt að leyfa því ferli að hafa sinn gang án þess að unnið sé að frekari breytingum á búnaðar- og búvörulögum á öðrum vettvangi samtímis.

Athugasemdir

1. gr.

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við c. lið 1. gr. frumvarpsins en þar er lagt til að fella út eftirfarandi texta: „*d. að kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta,*” Að mati LK er afar óeðlilegt að falla frá þessu grundvallarmarkmiði búvörulaga. Það hlýtur að vera vilji stjórnmalafólks að þeir sem stunda landbúnað búi við sambærileg kjör og aðrar stéttir í landinu. LK hefur undanfarið bent á þá staðreynd að landbúnaður á Íslandi er af stærstum hluta pólitísk ákvörðun. Aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum, auknir tollkvótar og launahækkanir hjá öðrum stéttum í samfélaginu hafa nú þegar haft þau áhrif að bændur sjá launalið sinn lækka. Sé c. liður 1. gr. búvörulaga tekinn út í þeirri mynd sem hann nú er má meta það sem svo að flutningsmenn frumvarps þessa telji það ekki tiltökumál þó sú þróun haldi áfram, með ófyrirséðum afleiðingum á dreifðari byggðir landsins og eðli landbúnaðar á Íslandi.

Bændasamtök Íslands

Landssamband kúabænda furðar sig á þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpi þessu við hinar ýmsu greinar búvöru- og búnaðarlaga og snúa að takmörkunum á hlutverki Bændasamtaka Íslands samkvæmt lögum þessum. Bændasamtök Íslands eru málsvari bænda, gætir að hagsmunum þeirra og vinnur að framförum og hagsæld í landbúnaði. Með þeim breytingum sem hér eru lagðar til er stórlega vegið að félagskerfi bænda.

Þá vakna spurningar um framkvæmd þess fyrirkomulags sem lagt er til í frumvarpinu en þar er opnað á að einstaka framleiðendur búvara fari með eigið fyrirsvar við framkvæmd búvörulaga. Búvörusamningarnir sem nú eru í gildi og gilda út árið 2026 eru milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. Ætla má að breyting í þessa átt setji framkvæmd þeirra samninga og skilgreiningu á samningsaðilum í nokkuð uppnám, sé vilji einhverra framleiðenda að óska eftir annars konar samningum. Vekur það einnig upp spurningar hvernig það stenst jafnræðisreglur. Er hér um að ræða alveg nýjan tón frá flutningsmönnum frumvarpsins í garð félagasamtaka bænda, sem er miður.

Í frumvarpinu er lagt til að framkvæmdanefnd búvörusamninga verði lögð niður í núverandi mynd en ráðherra yrði heimilt að setja á fót samráðsvettvang um framkvæmd samninganna. Hér má ætla að breytingarnar séu fyrst og fremst lagðar fram svo ekki sé það bundið í lögum að Bændasamtök Íslands skipi fulltrúa í slíkan hóp.

Verðlagsnefnd búvöru og lágmarksverð til bænda

Í frumvarpinu er lagt til að verðlagsnefnd búvöru verði lögð niður, engin opinber verðlagning sé á mjólkurvörum og stjórnvöld komi ekki að ákvörðun um lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks. Þá er lagt til að framleiðendur semji við afurðastöð um hvers konar vinnslu og afurðaverð. LK telur þessa leið afar varhugaverða og hafa í för með sér að það jafnræði sem nú gildir meðal kúabænda hverfur. Líklegt þykir að með þessum breytingum fylgi nokkur samþjöppun í greininni, minni búum myndi fækka hratt og mjólkurframleiðsla myndi færast alfarið til ákveðinna landssvæða.

Afnám framleiðslustýringar

Frumvarpið felur í sér afnám framleiðslustýringar í mjólkurframleiðslu í formi greiðslumarks. Með þessu er verið að taka fram fyrir hendur á bændum sjálfum en atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðenda um framtíð kvótakerfis í mjólkurframleiðslu er handan við hornið, áætluð í byrjun árs 2019. Leggur LK þunga áherslu á að sú ákvörðun verði í höndum bænda sjálfra, líkt og búvörusamningar kveða á um.

10. gr.

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins sem felur í sér brottfall á texta 71. gr. búvörulaga þar sem segir: „*Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.*”

Þegar um svo veigamiklar breytingar á starfsumhverfi mjólkuriðnaðarins ræðir er hollt að hafa í huga hvernig kerfið þróaðist í þá mynd sem nú er. Í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 var sett hagræðingarkrafa á bændur og fyrirtæki þeirra í mjólkuriðnaði. Sú hagræðingarkrafa leiddi til mikilla skipulagsbreytinga í mjólkurvinnslu og fyrirkomulagi sölu og dreifingar mjólkurvara. Með samvinnu, sérhæfingu og fækkun mjólkurvinnslna úr 17 árið 1990 niður í 5 árið 2016, hefur náðst fram töluverð kostnaðarlækkun sem hefur skilað sér áfram til neytenda og bænda. Þessi árangur af samstarfi afurðastöðvanna hefði ekki náðst án heimildar til sérhæfingar og verkaskiptingar þeirra á milli.

Landssamband kúabænda leggst því eindregið gegn þessari breytingu á 71. gr. búvörulaga þar sem sameining og samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga hefur óumdeilanlega

skilað aukinni hagræðingu sem hefur aftur skilað sér í bættum hag bæði neytenda, í formi lægra vöruverðs, og bænda, í formi hærra lágmarksverðs fyrir afurðir þeirra. Auk þess telja samtökin það afar varhugavert að fella 71. gr. búvörulaga í núverandi mynd úr gildi án þess að taka búvörulögin til heildstæðrar endurskoðunar á sama tíma.

Niðurlag

Kemur fram í greinargerð frumvarpsins að markmið þess sé að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Vilja samtökin benda á að kúabændur búa nú þegar við slíkt frelsi og er öllum frjálst að markaðssetja sínar afurðir. Endurspeglast það m.a. í því að af þeim 5 verkefnum sem tilnefnd voru til Fjöreggsins 2018, viðurkenningu Matvæla- og næringarfræðifélags Íslands og Samtaka iðnaðarins fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði, tengdust 3 mjólkurframleiðslu og Rjómaþúíð Erpsstaðir í Dölum hlaut verðlaunin. Eins bjóða margir mjólkurframleiðendur víðs vegar um landið uppá vörur beint frá býli.

Í landbúnaði er nauðsynlegt að búa við stöðugleika og vegna eðlis atvinnugreinarinnar þurfa stórar breytingar á starfsumhverfi þeirra er innan hennar starfa nokkurn aðdraganda og góðan undirbúning. Í frumvarpinu er ekki að sjá að nokkur greiningarvinna hafi verið unnin um afleiðingar þeirra breytinga sem eru lagðar til. Mikilvægt er að slíkar greiningar liggi fyrir áður en lagt er í svo viðamiklar breytingar og hér eru boðaðar, þá sér í lagi á áhrifum þeirra á bændur og neytendur. Eins hefur ekki verið sýnt fram á að annað fyrirkomulag en það sem nú er í gildi myndi skila meiri ávinningi, hvorki til neytenda né bænda.

Að framansögðu leggur Landssamband kúabænda til að frumvarp þetta verði ekki samþykkt. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllt,

Margrét Gísladóttir

Margrét Gísladóttir

Framvæmdastjóri Landssambands kúabænda



Nefndarsvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 19.11.2018

Efni: Umsögn Mjólkursamsölunnar um þingskjal 17 – 17. Mál a 149. Löggjafarþingi: Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998 (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.).

Í upphafi vill Mjólkursamsalan taka fram að fyrirtækið er hlynnt því að gerðar verði breytingar á búvörulögum sem miða að því að styrkja stöðu smærri afurðastöðva og stuðla að aukinni samkeppni í framleiðslu á mjólkurvörum og þar með að aukinni nýsköpun og hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins.

Mjólkursamsalan leggur hins vegar ríka áherslu á að allar breytingar á búvörulögum séu vel ígrundaðar og raunverulegt mat lagt á áhrif þeirra áður en þær eru leiddar í lög enda mynda ákvæði gildandi búvörulaga heildstætt skipulag. Áhrif þess að fella brott tiltekin ákvæði án þess að huga samhlíða að því heildstæða skipulagi geta því verið skaðleg.

Þau ákvæði búvörulaga sem öðrum fremur veita starfsumhverfi Mjólkursamsölunnar og annarra afurðastöðva í mjólkuriðnaði sérstöðu eru ákvæði 4. mgr. 13. gr. og 71. gr. laganna sem og ákvæði 7., 8. og 1. og 2. mgr. 13. gr. þeirra sem varða verðlagningu. Í almennt umræðu um þetta starfsumhverfi hefur meðal annars af hálfu Samkeppniseftirlitsins ítrekað verið vísað til þessa lagaramma sem ívilnandi fyrir mjólkuriðnaðinn, en með öllu horft fram hjá þeim íþyngjandi skyldum sem í honum felast. Að mati Mjólkursamsölunnar hefur þetta viðhorf komið í veg fyrir að umræða um starfsumhverfi mjólkuriðnarins sé fyllilega hlutlæg.

Telur fyrirtækið brýnt að áréttu að ákvæði búvörulaga veitir mjólkuriðnaði ekki almenna undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga. Ákvæðið veitir afmarkaða heimild til

samkomulags og samstarfs í þeim tilgangi að lækka kostnað, sem er afmarkað frávik frá því sem annars myndi gilda eftir 10. gr. Samkeppnislaga. Að öðru leyti gilda ákvæði samkeppnislaganna um starfsemi afurðastöðva í mjólkuriðnaði á sama hátt og um starfsemi annarra fyrirtækja.

Mjólkursamsalan bendir hinsvegar á að nú er að störfum samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga á vegum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samræmi við gildandi búvörusamninga og fyrirhuguð atkvæðagreiðsla kúabænda um kvótakerfi í mjólkurframleiðslu 2019. Eðlilegt er að þeirri vinnu sé lokið áður en farið er í breytingar á starfsumhverfi landbúnaðarins.

Í greinargerð með frumvarpinu er sett fram það markmið að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Mjólkursamsalan vill benda á að fullt frelsi sé nú þegar til staðar fyrir íslenska kúabændur til markaðssetningar og sjáist það best á þeirri nýsköpun í vinnslu mjólkurafurða sem á sér stað og hafa meðal annars verið tilnefnd til Fjöreggsins, viðurkenningu Matvæla- og næringarfræðifélags Íslands og Samtaka iðnaðarins.

Nánar um nokkrar tillögur frumvarpsins.

Varðandi 2.gr frumvarpsins þar samningsforræði er fært frá Bændasamtökum Íslands, heildarsamtökum íslenskra bænda. Bændasamtök Íslands urðu til við sameiningu Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda árið 1995 og hægt er að líkja þeim við bandalag háskólamanna(BHM) sem eru heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Þarna er því í raun verið að leysa upp samtök bænda án samráðs við bændur.

Vegna 10. gr. frumvarpsins. 71. gr búvörulaga veitir afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimild til að gera með sér samkomulag um verkaskiptingu og hafa með sér annars konar samstarf í því skyni að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

Lagt til að gildandi ákvæði 71. gr. búvörulaga verði felld brott í núverandi mynd og nýtt ákvæði lögleitt í þess stað. Í þessu felst að sá grundvöllur til hagræðingar sem komið var á fót með lögum nr. 85/2004 í þeim tilgangi að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða verður afnuminn. Þetta er ráðgert enda þótt ekki séu gerðar tillögur að öðrum ráðstöfunum eða breytingum til að tryggja að sú hagræðing og hagkvæmni, sem hefur verið náð á markaðnum, verði viðhaldið.

Á grundvelli 71. gr hefur Mjólkursamsalan gert samkomulag við Kaupfélag Skagfirðinga svf. um verkaskiptingu að því er framleiðslu mjólkurvara varðar og ráðstafanir í því skyni að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða. Markmiðið með samstarfi KS og

MS er að ná fram auknu hagræði með því að lækka kostnað. Ísland er hvort tveggja fámennt og tiltölulega strjálbýlt. Það er því ljóst að kostnaður við að safna mjólk er hár á Íslandi samanborið við önnur lönd auk þess sem afkastamiklar vélar til framleiðslu tiltekinnna mjólkurafurða anna auðveldlega allri innanlandseftirspurn. Með samræmdu skipulagi á framleiðslunni er því hægt að ná fram ná fram eins hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og kostur er. Í því sambandi skiptir nálægð við bændur, geymsluþol vara, flutningskostnaður og nálægð við markaði máli. Þannig er svo dæmi sé nefnt allur fastur ostur framleiddur í Skagafirði en mjólk að mestu leyti pakkað á Suðurlandi. Slíkt hagræði er ekki síst neytendum og bændum til hagsbóta.

Að uppfylltum skilyrðum opinberra eftirlitsaðila og leyfis frá þeim til mjólkursölu frá lögbýli telur Mjólkursamsalan sig jafnframt í reynd skuldbundna til að kaupa og/eða vinna alla mjólk af félagsmönnum Auðhumlu svf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. án tillits til eftirspurnar neytenda hverju sinni. Eftir að viðskiptasamband er komið á milli mjólkurframleiðanda og Auðhumlu svf. og/eða Kaupfélags Skagfirðinga svf. samkvæmt samþykktum félaganna skapast gagnkvæm réttindi og gagnkvæmar skyldur þeirra á milli. Þeim réttindum og skyldum er lýst í samþykktum félaganna og í tilviki Auðhumlu svf. viðskiptaskilmálum sem á samþykktum félagans byggja. Samkvæmt þeim eru félögin skyldug til að sækja mjólk til framleiðenda með reglubundnum hætti allan ársins hring og greiða þeim að lágmarki það verð sem ákveðið er af verðlagsnefnd búvara að skuli vera lágmarksverð á mjólk til framleiðenda. Félögin fara í um 80.000 heimsóknir til hráefnissöfnunar á sveitabæi árlega. Þau fyrirtæki sem aðild eiga að þessu samstarfi taka á sig þann kostnað sem skapast vegna sveiflna í framboði og eftirspurn.

Að mati Mjólkursamsölnunnar liggur því ljóst fyrir að ef fella á ákvæði 71. gr. brott í heild sinni er nauðsynlegt að gera aðrar ráðstafanir samhliða til að koma í veg fyrir að tjón hljóti af.

Í ljósi yfirstandandi vinnu við endurskoðun búvörusamninga og þeirri staðreynd að ekkert mat hefur verið lagt á áhrif þessara breytinga leggur Mjólkursamsalan til að frumvarpið verði ekki samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. Mjólkursamsölnunnar ehf.



Ari Edwald, forstjóri

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2018

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. Samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis, þar sem óskað er um sagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 og búnaðarlögum, nr. 70/1998, 17. mál.

Neytendasamtökin ítreka afstöðu sína sem birtist í umsögn Neytendasamtakanna, dags. 5. mars 2018:


Neytendasamtökin fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu. Samtökin hafa ítrekað gagnrýnt núverandi fyrirkomulag þar sem afurðarstöðvum í mjólkuriðnaði er tryggð undanþága frá ákvæðum samkeppnislaga. Samtökin telja eðlilegt að ákvæði samkeppnislaga gildi að fullu í mjólkuriðnaði sem og annars staðar á markaði enda er samkeppni besta trygging neytenda fyrir sanngjörnu verði og fullnægjandi vöruframboði. Neytendasamtökin benda enn fremur á að Samkeppniseftirlitið hefur lengi kallað eftir þeim breytingum sem hér eru lagðar til og hafa sagt núverandi fyrirkomulag draga úr jákvæðum áhrifum heilbrigðrar samkeppni.

Þau ákvæði sem hvað umdeildust eru í frumvarpinu; 13. og 71. gr. búvörulaga nr. 99/1993, hafa verið við lýði í 15 ár og á þessum tíma hefur orðið veruleg samþjöppun hjá afurðarstöðvum eins og kemur fram í skýrslu Hagfræðistofnunnar frá júní 2015. Talsmenn óbreytts kerfis benda á að mikil hagræðing hafi orðið á þessum tíma sem þakka megi fyrrnefndum undanþáguákvæðum. Þeir telja jafnframt nauðsynlegt að afurðarstöðvar í mjólkuriðnaði njóti áfram slíkrar undanþágu með sérlögum. Neytendasamtökin benda á að Samkeppniseftirlitið heimilar undanþágu frá samkeppnislögum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Það er mun eðlilegra að aðilar í mjólkurframleiðslu sækji um slíkar undanþágur þegar það á við og Samkeppniseftirlitið tryggi að slíkt samráð bitni ekki á neytendum, en að þessir aðilar njóti undanþágu frá samkeppnislögum með sérákvæði í lögum umfram aðrar atvinnugreinar. Í frumvarpinu er lagt til að opinberri heilðsluverðlagningu verði hætt á flestum mjólkurvörum

enda muni sú ráðstöfun leiða til eðlilegri verðmyndunar. Verðlagsnefnd myndi þó starfa áfram með takmarkaðra hlutverk. Neytendasamtökin eru fylgjandi þessari breytingu enda er um ákveðna neyslustýringu að ræða þegar sumar mjólkurvörur eru undirverðlagðar en aðrar vörur seldar með hærri álagningu en ella. Farsælast er að verð á mjólkurvörum endurspegli sem best framleiðslukostnað og að hið opinbera standi ekki í neyslustýringu af þessu tagi.

Neytendasamtökin mæla með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður.



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2018

Tilv.: 1811018

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998 (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.).

Samkeppniseftirlitið vísar til tölvupósts atvinnuveganefndar Alþingis þann 14. nóvember 2018 þar sem eftirlitinu var gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.), þingskjal 17 - 17. mál.

1.

Megin áherslur í frumvarpinu og breytingar frá núgildandi búvörulögum eru þær að í frumvarpinu er lagt til að framleiðendum (bændum) verði veitt meira frelsi og sjálfræði til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum og að velja sér fyrirsvarsaðila kjósi þeir svo. Auk þess er lagt til að undanþágur búvörulaga frá samkeppnislögum verði felldar niður og að atvinnugreinin starfi við almennar leikreglur á markaði líkt og aðrar atvinnugreinar gera. Sú breyting felur það m.a. í sér að verðlagsnefnd búvara og verðtilfærsla búvara verði lögð niður, sbr. 13. gr. búvörulaga, og þess í stað tekin upp frjáls verðlagning búvara til framleiðenda og á heildsölustigi. Þá er lagt til að afurðastöðvum í mjólkuriðnaði verði ekki lengur heimilt að sameinast og gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga, sbr. 71. gr. búvörulaga, sem kann að hafa í för með sér ólöglegt samráð sem aðilum í öðrum atvinnugreinum er gerð refsing fyrir. Þá eru í frumvarpinu lagðar skyldur á markaðsráðandi afurðastöðvar í mjólkuriðnaði sem miða annars vegar að því að tryggja söfnun á hrámjólk frá bændum og hins vegar að tryggja aðgang smærri afurðastöðva og vinnsluadila að grundvallarhráefni í mjólkuriðnaði (ógerilsneydda mjólk) í þeim tilgangi að



skapa skilyrði til þess að slíkir aðilar geti til frambúðar vaxið og dafnað á íslenskum mjólkurmarkaði.

2.

Markmið með frumvarpinu er eins og áður segir að auka frelsi og sjálfræði framleiðenda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Í því felst m.a. að afnema sérreglur búvörulaga sem gilda um mjólkuriðnaðinn og draga úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu, framleiðslu og vinnslu búvara. Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað kallað eftir framangreindum breytingum í umsögnum og álitum um landbúnaðarmál og telur að verði framangreind ákvæði frumvarpsins lögfest muni það efla samkeppni og bæta hag bæði neytenda og bænda. Styður eftirlitið því eindregið að frumvarpið verði samþykkt á Alþingi í óbreyttu horfi. Skal þetta rökstutt nánar.

3.

Frumvarpið miðar að því að efla samkeppni í landbúnaði og gefa bændum kost á með beinum hætti að taka þátt í markaðssetningu eigin afurða með því að veita þeim val um með hvaða hætti þeim er ráðstafað. Hefur Samkeppniseftirlitið orðið vart við þau sjónarmið bænda að þeir líti fremur á sig sem launþega en atvinnurekendur. Þetta sjónarhorn kom m.a. sterkt fram fyrir u.þ.b. áratug þegar Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að samráð hefði átt sér stað á vettvangi Bændasamtakanna um verðlagningu tiltekinna búvara sem lutu frjálsri verðlagningu. Þá var því haldið á lofti að staða bænda væri líkari stöðu launþega en atvinnurekenda.

Ein ástæða þessa rótgróna viðhorfs er að líkindum sú staðreynd að mikilvægar búvörur hafa í gegnum tíðina lotið opinberri verðlagningu. Önnur ástæða kann að vera sú að bændur eru á ýmsan hátt þiggjendur í því umhverfi sem þeir starfa. Þar er ekki bara átt við að þeir njóti opinbers stuðnings við framleiðslu sína heldur hafa þeir, hver og einn, mjög lítil áhrif á það hvernig afurðum þeirra er ráðstafað. Þrátt fyrir að þeir teljist í mörgum tilvikum eigendur afurðastöðva á sínu sviði, hafa þeir mjög lítil áhrif á úrvinnslu og framgang afurða sinna. Hafa langflest verkefni Samkeppniseftirlitsins á vettvangi landbúnaðar snúið að milliliðunum, þ.e. afurða- og vinnslustöðvum í landbúnaði. Þar hefur Samkeppniseftirlitið skynjað sterkt að hagsmunir bændanna sjálfra og neytenda eru ekki eins ólíkir og margir vilja halda fram.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er með frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar hugað að þessum hvötum í landbúnaði, sem sett hafa bændur í stöðu þiggjenda fremur en veitenda. Það er gert með því að veita þeim frelsi til þess að hafa um það val hvernig og með hvaða hætti afurðum þeirra er ráðstafað. Það gefur bændum færi á því að vera þátttakendur í fullvinnslu og markaðssetningu eigin afurða sem að mati Samkeppniseftirlitsins mun leiða til aukinnar samkeppni á vinnslu-, heildsölu- og smásölumarkaði. Þar má ekki gleyma því að nýsköpun og samkeppni eiga samleið og geta ekki hvor án annarrar verið. Ef hvatar samkeppninnar eru ekki til staðar er mikil hætta á að fjármunir sem hið opinbera ráðstafar í nýsköpun fari í súginn.

Í þessu sambandi er gagnlegt að rifja upp ástæðu þess að sífellt fleiri ríki telja æskilegt að virk samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Ástæðan er í hnotskurn sú að



meginþorri hagfræðikenninga styður eindregið að samkeppni í viðskiptum sé mjög æskileg þar sem hún auki velferð neytenda og stuðli að hagkvæmni í atvinnulífinu.¹ Nánar tiltekið er virk samkeppni talin hafa þessa kosti:

- Samkeppni stuðlar að auknu vöruframboði og betri þjónustu.
- Agi samkeppninnar knýr fyrirtæki til að hagræða í rekstri og vinnur gegn sóun.
- Samkeppni stuðlar að nýsköpun og framförum í atvinnurekstri.
- Samkeppni stuðlar að því að neytendur fái vörur og þjónustu á sem lægstu verði.
- Samkeppni stuðlar að þjóðhagslegri hagkvæmni í efnahagslífinu (áþati neytenda og framleiðenda).

Ekki er sjálfgefið að samkeppni sé virk á mörkuðum. Markaðsbrestir geta átt sér stað og fyrirtæki geta séð sér hag í því að draga úr samkeppni með ýmsum aðgerðum. Í því skyni að tryggja að jákvæð áhrif samkeppni gagnist almenningi hafa vel yfir hundrað ríki víða um heim sett sér samkeppnislög. Er almennt litið svo á að verndun og efling samkeppni sé nauðsynleg til þess að stuðla að aukinni framleiðni, hagræðingu og efnahagslegum vexti.²

Samkeppnislög hafa þann tilgang að vernda samkeppnina með því að leggja bann við samkeppnishamlandi aðgerðum sem skaða hagsmuni bæði neytenda og viðskiptalífsins. Jafnframt eiga samkeppnislög að tryggja að öll fyrirtæki, stór sem smá, hafi möguleika til að taka þátt í heilbrigðri samkeppni og þurfi ekki að þola óeðlilega eða skaðlega viðskiptahætti af hálfu annarra öflugri fyrirtækja. Samkeppnislög eiga þannig að stuðla að því að nýir aðilar geti hafið atvinnurekstur og smærri fyrirtæki stækkað og eru því liður í að efla eða viðhalda öfluglu atvinnulífi. Með þessu er einnig stuðlað að nýsköpun og framförum í hvers kyns atvinnurekstri.³

Á sama hátt og ljóst er að samkeppni í viðskiptum hefur jákvæð áhrif liggur fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða. Ef engar eða takmarkaðar samkeppnisreglur eru fyrir hendi aukast líkur á óæskilegri hegðun fyrirtækja, störf tapast og samkeppnishæfni atvinnulífsins minnkar. Án samkeppnisreglna geta t.d.

¹ Sjá t.d. rit OECD frá október 2014, *Factsheet on how competition policy affects macro-economic outcomes*. Á bls. 2 er fjallað um áhrif samkeppni á framleiðni: „Most importantly, it is clear that industries where there is greater competition experience faster productivity growth. This has been confirmed in a wide variety of empirical studies, on an industry-by-industry, or even firm-by-firm, basis. ... The effects of stronger competition can be felt in sectors other than those in which the competition occurs. In particular, vigorous competition in upstream sectors can 'cascade' to improve productivity and employment in downstream sectors and so through the economy more widely.“ Sjá einnig skýrslu breska viðskipta- og iðnaðarráðuneytsins (DTI) „DTI Economics Paper no. 9, *The Benefits for Competition: some illustrative UK cases*“, júlí 2004: „Almost from their (academic) cradle, economists learn the virtues of competition. Whether couched in the elegant prose of Georgian English, or in the more direct style of the 21st century, the message is the same. Competition is a good thing; it makes markets work well, and is in society's interests.“

² Sjá t.d. ræðu Neelie Kroes framkvæmdastjóra samkeppnismála hjá ESB, *In defence of competition policy*, 13. október 2008: „The core of our understanding of the world is that markets do NOT work best when left alone ... this is what our enforcement record and independent evidence shows, and it is the only practical approach to take. Competition policy is a tool that has worked well for 50 years – for Member States, for Europe, for consumers and for law-abiding companies everywhere. It has spread to more than 100 economies, including every major economy in both the developed and developing world – and for one reason: because it helps to increase and protect prosperity.“

³ Sjá t.d. Renata Hesse (yfirmaður samkeppnismála hjá bandaríska dómsmálaráðuneytinu), ræða 20. september 2016, „**And Never the Twain Shall Meet? Connecting Popular and Professional Visions for Antitrust Enforcement**“: „ ... competition is fair because it gives a chance to the small business owner to succeed in her business venture, because it delivers lower prices to consumers, and because it drives the innovation that improves products, business processes, and more.“



markaðsráðandi fyrirtæki hrakið minni keppinauta út af markaðnum og hindrað að nýir aðilar nái á honum fótfestu með tilheyrandi skaða fyrir samfélagið.⁴ Um þetta eru dæmi hér á landi á markaði fyrir landbúnaðarafurðir.

4.

Til viðbótar bendir Samkeppniseftirlitið á að núgildandi undanþáguákvæði 13. og 71. gr. búvörulaga tilgreina ekki með skýrum hætti til hvaða mjólkurvara ákvæðin nái. Samkvæmt 8. gr. og bókun 3 við EES-samninginn falla þar tilgreindar búvörur undir gildissvið EES-samningsins, þar á meðal samkeppnisreglur samningsins. Á þetta hefur áður verið bent á.

Á 145. löggjafarþingi (680. mál) lagði þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytingar á bæði 13. gr. og 71. gr. búvörulaga, þar sem lagt var til að tekinn yrði af allur vafi um að ofangreindar undanþágur tæku eingöngu til vara sem ekki falla undir bókun 3 við EES-samninginn. Breytingartillögurnar voru felldar brott við meðferð meirihluta atvinnuveganefndar og náðu því ekki fram að ganga. Af ofangreindu má því leiða að núverandi fyrirkomulag sé í andstöðu við ákvæði EES-samningsins.

5.

Í ljósi framangreinds, um mikilvægi samkeppni fyrir almannahag, hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað fjallað um skaðsemi núgildandi 13. gr. og 71. gr. búvörulaga í álitum, umsögnum, ákvörðunum og skýrslum. Enda þótt ákvæði 11. gr. samkeppnislaga gildi um starfsemi markaðsráðandi afurðastöðva er það til þess fallið að auka virka samkeppni ef tilvitnuð ákvæði verða felld brott úr búvörulögum, sbr. skýrslu eftirlitsins nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði, staða samkeppninnar 2015*, og eldri skýrslur Samkeppniseftirlitsins, umsagnir og álit.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mun fyrirliggjandi frumvarp auka samkeppni og nýsköpun í landbúnaði bændum og neytendum til hagsbóta. Með hliðsjón af öllu framangreindu mælir Samkeppniseftirlitið sterklega með því að framangreint frumvarp verði að óbreyttu að lögum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson

⁴ Sjá t.d. ræðu Neelie Kroes framkvæmdastjóra samkeppnismála hjá ESB, *In defence of competition policy*, 13. október 2008: „Without a solid competition policy such as this, the European economy would descend into chaos. With diminished incentives for companies to compete on their merits, cheating would be rewarded and go unpunished, jobs and wealth would be lost and consumers would lose protection as the law of the jungle ruled.”



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28.11.2018.

Efni:

Umsögn um Þingskjal 17 – 17 mál á 149. Löggjafarþingi: Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (hér eftir SAM) vísa til umsagnarbeiðni Atvinnuveganefndar Alþingis 14. nóvember s.l. um ofangreint frumvarp.

SAM benda á að í gildi eru samningar á milli Bændasamtaka Íslands og ríkisstjórnar Íslands um starfsskilyrði landbúnaðar á Íslandi (Búvörusamningar). Samkvæmt samningunum skulu þeir koma til endurskoðunar árið 2019 og á vegum Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra er starfandi samráðshópur vegna endurskoðunarinnar.

SAM eru hlynnt áframhaldandi þróun Búvörulaga í samræmi við breytingar á Búvörusamningum, en benda á að í Búvörulögum eru ákvæði sem leggja þungar skyldur á afurðastöðvar í mjólkuriðnaði; skyldur sem eru nauðsynlegar til að tryggja að Búvörusamningar séu framkvæmanlegir. Búvörulög veita afurðastöðvum í mjólkuriðnaði einnig skýrt afmörkuð réttindi sem bæta möguleika þeirra til að standa undir þeim skyldum sem á þær eru lagðar. Búvörulög mynda heildstætt skipulag og mikilvægt er að breyta ekki einstökum ákvæðum laganna án þess að meta sérstaklega hvaða áhrif breytingin muni hafa á skipulagið í heild sinni.

Í ljósi gildandi samninga og yfirstandandi vinnu við endurskoðun þeirra, leggja SAM til að frumvarpið verði ekki samþykkt.

SAM áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Einnig eru samtökin tilbúin að veita frekari upplýsingar og mæta á fund nefndarinnar til umræðu og skoðanaskipta.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf

Bjarni R. Brynjólfsson
Skrifstofustjóri SAM

Starfsumhverfi íslenskar mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar í evrópsku ljósi

Íslensk umræða hljómar á stundum eins og það sé með öllu óþekkt utan Íslands að löggjafi ákveði sértæk lög og tollvernd fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu; ekkert er fjær staðreyndum. Sem dæmi skal hér fjallað um ákvarðanir Evrópusambandsins sem snúa að landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Fyrst skal bent á að í Lissabon-sáttmálanum um starfsemi Evrópusambandsins (EU) er kveðið á um:

1. Að EU móti og framkvæmi sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum (38. gr.).
2. Hver markmið landbúnaðarstefnunnar skuli vera (39. gr.).
3. Að komið sé á sameiginlegu markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir, t.d. vegna verðstýringa, styrkja til framleiðslu, styrkja til markaðssetningar, fyrirkomulags á geymslu afurða og sameiginlegri umgjörð til að koma á jafnvægi í inn- eða útflutningi. (40. gr.).
4. Heimilt sé að setja ákvæði um samræmdar ráðstafanir á sviði starfsmenntunar, rannsókna, miðlun þekkingu á landbúnaðarmálum og um samræmdar ráðstafanir til að ýta undir neyslu á tilteknum afurðum (41. gr.).
5. „Ákvæði kaflans sem fjallar um samkeppnisreglur gilda aðeins um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir að því marki sem Evrópuþingið og ráðið ákveða innan þess ramma og með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 43. gr., svo og með hliðsjón af markmiðum þeim sem tilgreind eru í 39. gr.“

(sjá á blaðsíðum 64-67 í Lissabon-sáttmálanum þarna: https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/lissabon-sattmali-2.-utgafa-juni-2012_0.pdf)

Á grundvelli Lissabon-sáttmálans hefur Evrópusambandið haldið uppi sérstöku kerfi í kring um mjólkurframleiðslu og mjólkurvinnslu allt frá sjöunda áratug síðustu aldar. Fyrir þann tíma voru aðildarlönd ESB hvert með sitt kerfi. Til upplýsinga er fjallað um nokkur atriði í landbúnaðarkerfi EU hér á eftir og þau borin saman við íslenskar aðstæður.

Mjólkurkerfið er hluti af the **Common Organisation of the Markets in agricultural products (CMO Regulation (EU) No 1308/2013** [Search for available translations of the preceding linkEN•••](#) sem er ríflega 180 blaðsíðna lýsing á skipulagningu markaða með matvæli í ESB – sem ekki verður skilin sem annað en samfelld undanþága frá almennum samkeppnislögum ESB.

Í ofangreindum reglum eru víða ákvæði um heimildir til samstarfs. Verðákvarðanir á hrá mjólk eru ekki opinberar, en heimildir eru til að semja um verð og skilmála milli bænda og samlaga í skipulögðum hópum.

Almenn kaupskylda er ekki innifalin í EU-kerfinu; en t.d. í Danmörku þurfti Arla að taka á sig kaupskyldu af bændum þegar MS Foods og Kløver sameinuðust árið 2001 (frekari skilmálar voru settir af samkeppnisfyrirvöldum í Danmörku á þeim tíma).

Við sameiningu Friesland og Campina í eitt fyrirtæki árið 2008 var sett skilyrði um að sameinuðu fyrirtæki væri skylt að selja 1,2 milljarða lítra til keppinauta. Það var um 12% af mjólk fyrirtækisins 2015. Verðið er ákvarðað af FrieslandCampina og engin kaupskylda er á fyrirtækinu á mjólk frá öllum bændum (það má setja kvóta á eigin framleiðendur).

Helstu almennu kerfisþættir ESB eru:

Lágmarksverð á smjöri og undanrennufti.

ESB kaupir vörurnar upp af markaði ef markaðsverð fara niður í fyrir fram ákveðin verð. Ákveðnar reglur eiga að gilda um hámarks magn sem keypt er, hámarksútgjöld, kauptímabil og fl.. Frá öllum reglunum er vikið ef staða á markaði er nógu slæm að mati ESB (nýleg dæmi staðfesta þetta).

Greiðslur til fyrirtækja fyrir geymslu á smjöri, undanrennufti og ákveðnum ostum.

Fyrirtækjum er greitt fyrir að halda vörum af markaði ef framboð telst óþægilega mikið. Styrkur er föst upphæð á tonn á mánuði (eða degi).

Undanþáguaðgerðir.

Sérstakar aðgerðir á grundvelli ofangreindrar reglugerðar:

- Aðgerðir gegn markaðstruflunum (grein 219)
- Aðgerðir vegna dýrasjúkdóma og hvarfs á trausti neytenda (grein 220)
- Aðgerðir til að leysa sértæk vandamál (grein 221)
- Aðgerðir vegna samninga og ákvarðanir á tímabilum með ójafnvægi á markaði (grein 222)

Dæmi um aðgerðir á grunni þessara greina eru þekkt á þessari öld.

Nýjar samþykktir EU frá 2012: „Mjólkur-pakkinn 2012“

Viðbætur við fyrri reglur; einkum:

- Heimildir handa bændum til að semja saman um verð á hrámjólk (samráð á markaði)
- Heimild handa bændum til að stofna framleiðendafélög til að semja um verð og skilmála vegna sölu hrámjólkur til mjólkurbúa
- Heimildir til allra aðila í virðiskeðju mjólkur (frá haga til maga) til að stofna samtök til að ræða og framkvæma ákveðnar aðgerðir (Víðtækari heimild til samstarfs en á Íslandi)
- Heimildir til að stjórna framboði á ákveðnum ostum (með upprunavernd og/eða vernd vegna vísunar í landssvæði).

Skóla-mjólk.

Sérstakur styrkur til framleiðslu og markaðssetningar á mjólk og mjólkurvörum til barna. Styrkur allt að 18,15 EUR á 100 kg (um 21 ISK/lítra); þó að hámarki í magni sem nemur 0,25 lítrum á börn á dag.

Reglugerðir um vöruskilgreiningar.

Í ESB er með öllu óheimilt að nota t.d. orðin mjólk, rjómi, smjör og ostur um nokkra vöru sem ekki er mjólkurvara. -Allar samsetningar eins og „Jurtaostur“, „möndlumjók“, og fl. eru óheimilar.

Kynningarverkefni ESB vegna mjólkurframleiðslu og mjólkuriðnaðar.

ESB styrkir auglýsingagerð og markaðssetningaraðgerðir innan og utan ESB. Samkvæmt upplýsingum SAM virðist allt að 6,4 milljarðar ISK hafi farið í þessi verkefni hjá ESB árið 2015. Verkefni eru alltaf almennar auglýsingar á mjólk og mjólkurvörum; ekki auglýsingar á einstökum vörumerkjum. Dæmi má sjá á:

<https://www.google.is/search?q=force+of+nature+milk&tbm=isch&tbo=u&source=univ&sa=X&ved=0ahUKewjMOJfn99PSAhVNI5AKHSmKAKcQsAQIMQ&biw=1606&bih=947>

Viðskipti við þriðju lönd.

Útflutningur er að hluta leyfisskyldur. Innflutningur er leyfisskyldur og oftast tolllagður. Rifinn og mulinn ostur númer 0406-2000000 er með 222 kr/kg í toll við innflutning <https://www.gov.uk/trade-tariff/commodities/0406200000>

Líkt og Íslands hefur EU samið við önnur lönd um tollfrjálsa kvóta til innflutnings á osti. En EU hefur samið um tollfrjálsa innflutningskvóta á ostum sem nema einungis tæpu 1% af neyslu osta í EU – en Ísland hefur samið um tollfrjálsa kvóta fyrir allt að 12% af neyslu osta á Íslandi.



Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.


Vísast til umsagnarbeiðni atvinnuveganefndar dags. 14. nóvember 2018 um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjald), 17. mál.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir m.a. að fella niður verðlagsnefnd búvara og heimild til verðjöfnunar við útflutning iðnaðarvara sem innihalda landbúnaðarhráefni. Samtök iðnaðarins gera athugasemdir við umrædda fyrirætlan enda fyrirséð að slíkar breytingar munu hafa verulega neikvæð áhrif á innlend framleiðslufyrirtæki sem framleiða vörur úr innlendum landbúnaðarhráefnum.

Ein forsenda þess að innlend framleiðslufyrirtæki geti staðist aukna samkeppni við erlenda framleiðendur er að hráefnisverð innlendra framleiðenda sé samkeppnishæft. Með nýlegum samningi við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur hafa tollar á fullunnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni verið felldir niður. Sú aðgerð skekkti samkeppnisstöðu innlendra framleiðslu til muna. Eins og staðan er nú geta framleiðendur iðnaðarvara á borð við súkkulaði, ís, og fleiri vara sem innihalda mjólkurduft, ekki keypt hráefni á heimsmarkaðsverði á sama hátt og keppinautar þeirra enda tollvernd á umræddum vörum umtalsverð. Innlendir framleiðendur þurfa því að kaupa innlent mjólkurduft sem er töluvert dýrara en erlent hráefni. Með niðurfellingu verðlagsnefndar búvara, og þá í leiðinni þeirri verðtilfærslu sem henni er leyfilegt að viðhafa, má ætla að hráefnisverð muni hækka í þeim tilvikum þegar framleiðslukostnaður landbúnaðarhráefnis er hár. Verðtilfærsluheimild verðlagsnefndar búvara hefur til að mynda verið nýtt til að mæta verðmun á innlendu og erlendu hráefni, að hluta. Á sama hátt hefur verðjöfnun við útflutning, samkvæmt 85. gr. búvörulaga komið til móts við íslenska framleiðendur sem flytja vörur á erlenda markaði. Varlega áætlað nota innlendir framleiðendur um 390 tonn af undanrennuþufti, 320 tonn af nýmjólkurdufti, 100 tonn af smjöri og 100 tonn af eggjum árlega.

Verði heimild til verðjöfnunar við útflutning og verðtilfærsluheimild verðlagsnefndar búvara felld niður hefði það neikvæð áhrif á innlenda iðnaðarframleiðslu nema á sama tíma verði heimilað að flytja inn hráefni á sambærilegu verði og erlendir keppinautar njóta.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI

Nefndasvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, fengu sent til umsagnar frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál. **SMK leggjast alfarið gegn því að frumvarpið verði samþykkt og gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar þess.**

Í 1. grein frumvarpsins, lið c, er fjallað um að þeim sem landbúnað stunda verði gert kleift að selja framleiðsluafurðir sínar á frjálsum markaði. SMK benda á að í núgildandi lögum er ekkert sem bannar framleiðendum landbúnaðarafurða að selja þær á frjálsum markaði og þessi breytingartillaga því tilgangslaus. Svo virðist sem misskilnings gæti hjá flutningsmönnum hvað þetta varðar.

2. grein frumvarpsins fjallar um að færa forræði Bændasamtaka Íslands til að semja við stjórnvöld um atriði sem varða búvörulög (búvörusamningar) til einstakra bænda eða annarra sem hver og einn bóndi ákveður. Jafnframt að búvörusamningar séu ekki bindandi fyrir þá sem standa utan þeirra samtaka sem gera samninginn. Erfitt er að sjá hver tilgangur með þessu ákvæði er annar en sá að skapa glundroða og koma í veg fyrir að hægt sé að gera búvörusamninga eða með öðrum orðum að brjóta niður samtakamátt bænda. SMK eru mótfallin slíkri árás á íslenskan landbúnað.


Í 3. grein er lagt til að fella niður verðlagsnefnd búvara. Í 10. grein er lagt til að fella niður heimild mjólkuriðnaðarins til verkaskiptingar og samstarf milli mjólkursamlaga (undanþága frá samkeppnislögum). Markmiðið með samstarfinu sem fæst með heimildinni í dag er að ná fram hagræði með því að lækka kostnað því Ísland er bæði fámennnt og tiltölulega strjálbýlt. SMK benda á að mikilvægt er að fjalla um rekstrarskilyrði afurðastöðva sem eina heild. Ekki er hægt að taka ofangreinda þætti úr samhengi við önnur atriði sem varða rekstrarskilyrði greinarinnar.

Í 3. grein er einnig lagt er til að öllum framleiðendum búvara eða fyrrisvarsaðilum þeirra verði heimilt að semja við afurðastöð eða afurðastöðvar um hvers konar vinnslu afurða eða afurðaverð. Ekki er séð að neitt í lögum banni frjálssa samninga milli bænda og afurðastöðva.

Lagt er til að fella niður ákvæði um framkvæmdanefnd búvörusamninga en gefa í staðinn ráðherra heimild til að setja á stofn samráðsvettvang til að annast framkvæmdina. Ekki verður séð að það hafi áhrif á framkvæmdina eins og hún er nú.

Í ljósi ofangreinds leggjast SMK gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,
F.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja,



Eggert Árni Gíslason, formaður

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

29. nóvember 2018.

Umsögn; frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákv. samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld), 17. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um búvörulög og búnaðarlög, 17. mál.

Helstu breytingar í frumvarpinu virðast lúta að eftirfarandi þáttum:

1. Takmörkun á samstarfi afurðastöðva í mjólkuriðnaði.
2. Dregið verði úr vægi Bændasamtaka Íslands í lagaumgjörð íslensks landbúnaðar.
3. Gefinn ádráttur um að einstakir framleiðendur geti gert beina samninga við stjórnvöld, án aðkomu stéttarfélaga bænda.
4. Regluverk verði gert þannig úr garði að bændum sé gert kleift að vinna og markaðssetja afurðir sínar sjálfir.

Hvað varðar fyrsta liðinn er hvergi sýnt fram á í greinargerð með frumvarpinu hvernig takmörkun á samstarfi afurðastöðva í mjólkuriðnaði á að verða til hagsbóta annars vegar bændum og hins vegar neytendum. Þvert á móti hafa víða verið færð rök fyrir því að þetta samstarf verði einmitt til þess að ná fram hagræðingu í rekstri afurðastöðvanna, sem skilar sér beint í lægra verðlagi til neytenda. Mjólkursamsalan er enda ekki hagnaðardrifið fyrirtæki og lýtur ströngum kröfum þar að lútandi.

Eftir að búnaðargjald var fellt niður og aðild að Bændasamtökum Íslands í framhaldinu gerð valfrjálss, er hæpið að fyrrnefnd samtök séu svo afdráttarlaust nefnd sem samningsaðili við ríkið. Hins vegar verður að líta á það að samningsstaða bænda er sterkari eftir því sem fleiri eru í sama hagsmunafélagi, og þarfnast liður 2 þar með nánari athugunar áður en ríkið fer markvisst og að fyrri bragði að draga úr vægi Bændasamtakanna í lagaumgjörð landbúnaðar.

Hvað það varðar að einstakir framleiðendur geti samkvæmt frumvarpsdrögum gert sérsamninga við yfirvöld varðandi stuðning og samninga verður það að teljast sérstök tillaga svo ekki sé meira sagt og býður hreinlega upp á samsæriskenningar og orðróm um klíkuskap og spillingu, alltaf hlýtur að vera betra að félagasamtök geri slíka samninga fyrir hagsmuni heildarinnar.

Liður 4 gengur út á að bændum verði gert auðveldara að framleiða fullunna vöru úr eigin hráefni. Varðandi þennan lið skal bent á að öllum bændum er í dag frjálst að framleiða heimaunna vöru, hafi þeir til þess tilskilin leyfi frá Matvælastofnun og viðkomandi Heilbrigðiseftirliti. Því verður ekki séð að fyrirhugaðar breytingar hafi nokkur áhrif á möguleika bænda til sölu á vörum beint frá býli.

Þegar litið er á breytingatillögur í heild sinni er erfitt að sjá hvernig þær eiga að bæta hag annars

vegar neytenda og hins vegar bænda, og virðast þær sem heild frekar sniðnar að hagsmunum innflytjenda landbúnaðarvara.

Landbúnaður er undirstöðuatvinnugrein á Norðurlandi vestra og kjölfesta byggðar, ekki bara í dreifbýli heldur einnig í þéttbýliskjörnum á svæðinu. Með frumvarpinu er vegið að greininni með illa ígrunduðum hætti sem mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir byggð og búsetuskilyrði í landshlutanum nái frumvarpið fram að ganga.

Leggjast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra því alfarið gegn því að frumvarpið fái framgöngu og mælast til þess að það verði felld í heild sinni.

Að lokum áskilur SSNV sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins.

F. h. Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri

Reykjavík 26. febrúar 2019

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um 17. mál, frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, og búnaðarlögum, nr. 70/1998 (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.).

Hinn 16. október 2018 var frumvarpi til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (sjá þingskjal 17 í 17. máli) útbytt á Alþingi. Frumvarpinu var vísað til atvinnuveganefndar að fyrstu umræðu lokinni, hinn 25. október 2018. Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi meginbreytingar:

1. Breytingar á ákvæðum búvörulaga með það að leiðarljósi að auka svigrúm búvöruframleiðenda til að markaðssetja búvörur á frjálsum markaði, hérlandis sem erlendis,
2. dregið verði úr lögbundnu vægi Bændasamtaka Íslands sem fyrirsvarsaðila búvöruframleiðenda,
3. gerð samninga um vinnslu og verð afurða verði alfarið gefin frjáls,
4. fagráðherra beri einn ábyrgð á samningsgerð og framkvæmd framleiðsluskilyrða, stuðnings og stjórnar á magni búvara,
5. afnumin verði skylda til afsetningar mjólkur umfram greiðslumark á erlendum markaði,
6. afnumin verði undanþága afurðastöðva í mjólkuriðnaði frá ákvæðum samkeppnislaga,
7. afnumdar verði heimildir til verðjöfnunar við útflutning fullunninna búvara,
8. útvíkkun á heimildum ráðherra til að gera samninga um verkefni og framlög samkvæmt búnaðarlögum þannig að stuðningur ríkisins verði ekki einungis bundinn við framleiðsluaukningu heldur nái ekki síður til verkefna sem stuðla að aukinni umhverfisvernd og nýliðun,
9. útvíkkun árlegs stuðnings við verkefni á sviði kynbóta, þróunar, jarðabóta, landgreiðslna, nýliðunar, lífrænnar framleiðslu, varðveislu búfjárstofna, átaksverkefna og leiðbeiningarstarfsemi þannig að hann nái einnig til umhverfisverndar, skógræktar, lokunar framræsluskurða, smávirkjana og ferðaþjónustu, og
10. niðurlagning framkvæmdanefndar búvörusamninga.

SVP hafa áður veitt umsagnir um lagafrumvörp þar sem að hluta til hefur verið höggvið í sama knérunn. Þeirra á meðal eru umsagnir [um 292. mál á 144. löggjafarþingi](#) (verðsamráð í mjólkuriðnaði) og [um 64. mál á 148. löggjafarþingi](#) (undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjöld o.fl.). Samtökin vísa til framangreindra umsagna að því leyti sem efni þeirra á við um frumvarpið sem nú er til umfjöllunar.

Með því frumvarpi sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni er gengið langt í þá átt að efla svigrúm búvöruframleiðenda til að stunda viðskipti með afurðir á forsendum samkeppni og viðskiptafrelsis. Að mati samtakanna er frumvarpið tvímælaust rétt skref í átt til nútímalegra viðskiptahátta á sviði búvöruframleiðslu. Til lengri tíma litið má ætla að samþykkt frumvarpsins auki möguleika búvöruframleiðenda til að endurskilgreina og endurskipuleggja starfsemi sína þannig að hún fái samræmst sem best þörfum neytenda og þeirra sjálfra.

SVP telja að í frumvarpinu felist töluverð tækifæri fyrir búvöruframleiðendur. Í málarekstri fyrir dómstólum um endurgreiðslur búnaðargjalds kom fram af hálfu nokkurra framleiðenda að þeir teldu hag sínum best borgið utan Bændasamtaka Íslands. Það er því ljóst að lögbundið fyrirsvar samtakanna er ekki í öllum tilvikum félagsmönnum að skapi. Þá vinnur núverandi fyrirkomulag gegn möguleikum einstakra framleiðenda til vaxtar og nýbreytni og dregur því úr þrótti þeirra. Í stað þess að lögmál samkeppninnar geri framleiðendum kleift að standa á eigin fótum, hvetji þá til að vinna að nýsköpun í landbúnaði og til að koma ár sinni þannig frá borði að best henti aðstæðum hverju sinni dregur núverandi lagaumhverfi beinlínis úr möguleikum þeirra. Að mati SVP vekur lagaumhverfið búvöruframleiðendum þá fölsku hugmynd að þeir séu ekki sjálfstæðir atvinnurekendur sem þurfa að hlúa að eigin starfsumhverfi og framtíðarhorfum heldur séu samskipti þeirra við ríkið og viðsejendur á einkamarkaði hluti af kjarabaráttu. Frumvarpið gerir beinlínis ráð fyrir því að búvöruframleiðendur markaðssetji vörur sínar sjálfir án aðkomu hins opinbera eða félags sem þeim er skylt að vera aðili að. Með því aukast möguleikar framleiðenda til að vinna markaði á eigin forsendum og á grundvelli eigin styrks og hugvits.

Eins og áður segir telja SVP frumvarpið skref í rétta átt. Ekki verður þó komist hjá því að benda á að ekki liggja fyrir í frumvarpinu áætlanir um hverju ríkisframlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins eiga að nema. Þá vekur athygli að ætlunin virðist að styðja við ferðaþjónustu í landbúnaði þrátt fyrir að ferðaþjónusta sé almennt rekin án beins ríkisstuðnings. Þá er ekki ljóst hvort þátttaka ríkisins í stofnun og rekstri ræktunarstöðva eigi að fela í sér fjárstuðning. Að mati samtakanna þarf að framangreint í huga við yfirferð yfir ákvæði II. kafla frumvarpsins. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum ákvæða II. kafla á ríkissjóð og samkeppnisaðstæður.

Að lokum benda SVP á að grundvallarmarkmið reglna samkeppnisréttar er að stuðla að hagsbótum fyrir neytendur. Með virkri samkeppni aukast líkur á að neytendur njóti betra vöruúrvals en ella sem aftur styrkir möguleika þeirra til að veita framleiðendum, dreifingaraðilum og smásölum aðhald. Þannig verður þörfum flestra mætt.

Virðingarfyllst,

F.h. SVP – samtaka verslunar og þjónustu



Andrés Magnússon



Benedikt S. Benediktsson

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 28. nóvember 2018

Efni: Frumvarp um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 og búnaðarlögum, nr. 70/1998 (verðlagsnefnd búvara, undanþágur frá ákvæðum samkeppnislaga, verðjöfnunargjald o.fl.) (Mál nr. 17)

Viðskiptaráð Íslands þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum um frumvarpið á framfæri. Með frumvarpinu er lagt til að sérregla búvörulaga sem gildir um mjólkuriðnaðinn verði afnumin og um leið dregið úr afskiptum ríkisvaldsins af verðlagningu, framleiðslu og vinnslu búvara, meðal annars með því að leggja niður verðlagsnefnd búvara. Markmið frumvarpsins er að auka frelsi og sjálfstæði framleiðanda búvara til markaðssetningar á afurðum sínum á innlendum og erlendum mörkuðum. Viðskiptaráð styður eindregið að frumvarpið nái fram að ganga og vill í því sambandi koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- Markaðir, ekki opinberar nefndir, eiga að ráða verðlagningu á vöru
- Samkeppni og frjáls viðskipti stuðla að bættum lífskjörum og hvetur Viðskiptaráð því til þess hið opinbera opni fyrir aukna samkeppni og frjáls viðskipti í landbúnaði
- Engin haldbær rök standa fyrir því að mjólkuriðnaðurinn eigi að vera, ólíkt öllum öðrum atvinnugreinum á Íslandi, undanþeginn samkeppnislögum

Samkeppni og frjáls viðskipti stuðla að bættum lífskjörum

Viðskiptaráð hefur löngum talað fyrir mikilvægi frjálsra viðskipta og samkeppni, þar með talið í landbúnaði, og fagnar því að fyrir liggi frumvarp sem stuðlar að hvoru tveggja. Viðskiptaráð telur að frjáls viðskipti og samkeppni auki samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum grundvelli og bæti lífskjör almennings. Landbúnaður er þar engin undantekning enda telur ráðið að tími sé kominn til að ráðast í heildarendurskoðun á landbúnaðarkerfinu.

Við stefnumótun í íslenskum landbúnaði ættu markmið eins og frjáls samkeppni, aukin verðmætasköpun & framleiðni og hagsæld almennings að vera okkar ær og kýr. Með slík markmið að leiðarljósi er hægt að innleiða breytingar sem eru í allra þágu: í þágu neytenda í formi aukinnar fjölbreytni og lægra vöruverðs en einnig í þágu framleiðanda í formi aukins atvinnufrelsis og nýrra vaxtartækifæra. Núverandi fyrirkomulag er hvorki til þess fallið að auka samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar né lækka vöruverð, heldur hafa kraftar samkeppninnar verið bældir, með tilheyrandi tapi samfélagsins.

Markaðurinn ákveði verð, ekki ríkið

Viðskiptaráð styður því tillögur þess efnis að verðlagsnefnd búvara og framkvæmdanefnd búvörusamninga verði lagðar niður, enda á það að vera markaðarins að ákveða verð, ekki ríkisins. Almennt má segja að afskipti hins opinbera af mörkuðum hafi í för með sér allratap og gildir einu hvort um niðurgreiðslur, skatta, magnstýringu eða verðstýringu sé að ræða.

Í undantekningartilfellum þegar um ótvíræða og víðtæka markaðsbresti er að ræða kann þó að vera skynsamlegt að hið opinbera hafi afskipti af verðmyndun á markaði. Að mati Viðskiptaráðs eru þær forsendur ekki fyrir hendi við framleiðslu landbúnaðarafurða frekar en í annarri matvælaframleiðslu. Í öllu falli er bein verðstýring óheppileg til þess að leiðrétta slíka markaðsbresti.

Lærum af því sem vel er gert

Að mati Viðskiptaráðs þarf að horfa á landbúnaðinn eins og hverja aðra atvinnugrein. Á þeim nótum telur ráðið að draga megi lærdóm af nýsjálensku leiðinni, sem Viðskiptaráð fjallaði ítarlega um í skoðun sinni *Rof í landbúnaði*.¹ Nýsjálandingum hefur tekist að láta landbúnað blómstra, án mikilla ríkisafskipta, í þrjá áratugi. Talsverð framþróun hefur orðið í greininni, framleiðni hefur aukist og tekjur bænda hafa jafnframt aukist.

Með frumvarpinu sem hér er til umræðu er stigið mikilvægt skref tekið í þá átt að skapa umhverfi sem leyfir bændum að taka ákvarðanir á eðlilegum viðskiptalegum forsendum, sem Viðskiptaráð styður heilshugar. Auk þess telur ráðið það framfaraskref að jarðræktarstuðningi sé gert hærra undir höfði, en ráðið er fylgjandi því að ríkið stýri ekki af því hvað nákvæmlega bændur framleiða, en hvetji þess í stað til ræktunar og hagkvæmrar landnýtingar.

Samkeppnishömlur mjólkuriðnaðarins

Með frumvarpinu er að auki lagt til að veigamiklar undanþágur frá samkeppnislögum fyrir mjólkuriðnaðinn verði afnumdar. Viðskiptaráð tekur undir þá tillögu frumvarpsins enda er heilbrigð samkeppni grundvöllur framfara í atvinnulífinu. Samkeppni knýr fyrirtæki til að bregðist við breytingum, leiti nýrra leiða til að gera betur en aðrir til að standast samkeppnina og stunda öfluga nýsköpun. Þannig leggur samkeppni grunn að hagvexti og efnahagslegum lífskjörum almennings í landinu.

Að mati Viðskiptaráðs er því bjarnargreiði við landbúnað að hluti hans skuli vera undanþeginn samkeppnislögum og telur ráðið engin haldbær rök fyrir slíkum undanþágum. Frá því að undanþágurnar tóku gildi árið 2004 hefur mikil samþjöppun átt sér stað á markaði með mjólkurvörur, en Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað bent á skaðlegu eiginleika þess sem og áhrif búvörulaga á samkeppni á þessum markaði.

Til að réttlæta núverandi fyrirkomulagi hefur einna helst verði bent á rök sem snúa að ávinningi neytenda af stærðarhagkvæmni við framleiðslu og dreifingu. Það er rétt að draga má úr kostnaði með því að byggja ekki upp mörg fjármagnsfrek dreifikerfi á jafnlitlum markaði og sá íslensku er. Þessi röksemd á aftur á móti við um ýmsa aðra markaði hérlendis, til að mynda fjarskiptakerfi, póstdreifingu og almenna flutninga. Með hliðsjón af því væri nærtækara að meta ávinning þess að greitt yrði fyrir samnýtingu fyrirtækja á fjármagnsfrekari hluta virðisikeðju þeirra. Slíkt fyrirkomulag þekkist meðal annars hjá dreifingar- og birgðahaldshluta olíufélaganna hér á landi. Við mótun slíks fyrirkomulags er mikilvægt að tryggja að virk samkeppni um viðskiptavinum ríki áfram og ekki verði komið í veg fyrir aðgengi nýrra aðila.

Með núverandi fyrirkomulagi styður lagaumhverfið ekki við hagsmuni heildarinnar. Mikilvægt er að virkri samkeppni verði komið á mjólkurvörumarkaðinn og að á því sviði verði, líkt og með aðra starfsemi hér á landi, veitt samkeppnislegt aðhald með því að vera undiropið ákvæðum samkeppnislaga.

¹ <https://medium.com/@vidskiptarad/rof-%C3%AD-landb%C3%BAna%C3%B0i-st%C3%ADgum-skrefi%C3%B0-til-fulls-b5ea9562e926>

Meira þarf til: Tollvernd hækkar verð og dregur úr vöruframboði

Þá ber að hafa í huga að takmarkanir eru í gildi á innflutningi mjólkurvara ásamt háum tollum. Viðskiptaráð hefur áður fjallað um nauðsynlegar breytingar á íslenska landbúnaðarkerfinu og hefur ráðið meðal annars bent á að tollvernd hér á landi sé einna mest á mjólkurafurðum.² Fyrirtæki á mjólkurvörumarkaði búa því ekki við alþjóðlegt samkeppnisaðhald líkt og félög í flestum öðrum atvinnugreinum hérlendis.

Vísbendingar eru um að þessi skortur á samkeppnisaðhaldi í mjólkuriðnaði hafi leitt til sóunar. Framleiðni mjólkurframleiðslu er um 20% lægri en á öðrum Norðurlöndum og hefur verið svo um langt skeið.³ Það þýðir hærri framleiðslukostnað við mjólkurframleiðslu og þar með sóun á þjóðhagslegum verðmætum. Viðskiptaráð telur því einnig mikilvægt að afnema innflutningstolla.

Umgjörð landbúnaðar þarf að hvetja til hagræðingar og aukinnar samkeppni innan greinarinnar. Þannig nýta bændur sem best þau gæði og sérstöðu sem land þeirra hefur upp á að bjóða. Með auknu athafnafrelsi bænda, bættu aðgengi að erlendum mörkuðum, einföldun kerfisins og regluverki sem styður nýsköpun skapast aðstæður til að grípa þau sóknarfæri sem í landbúnaði finnast.

Viðskiptaráð hvetur til að frumvarpið verði samþykkt en kallar jafnframt eftir því að farið verði í heildstæða vinnu við endurskoðun landbúnaðarkerfisins. Að lokum áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma fram frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,



Gunnar Dofri Ólafsson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² Skoðun Viðskiptaráðs: Hverjar eru okkar ær og kýr?
https://vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/skodanir/skodun_aer_og_kyr.pdf

³ FAO Stat: <http://www.fao.org/faostat/en/#data/QL>